



EIMSKIP

NÚTÍMA FLUTNINGAFYRIRTÆKI

Allt frá stofnun EIMSKIPS árið 1914 hefur félagið gegnt forystuhlutverki í flutningum þjóðarinnar.

EIMSKIP hefur á liðnum áratugum þróast frá því að vera einungis skipafélag og sérhæfir sig nú í alhliða flutningaþjónustu á sjó og landi. Fyrirtækið býr yfir haldgóðri reynslu í alþjóðlegri flutningaþjónustu sem nýtist landsmönnum vel í vaxandi viðskiptum erlendis.

EIMSKIP tekur þátt í gjaldeyrisssköpun Íslendinga með því að koma út-flutningsvörum á markað erlendis og sér fyrir nauðsynlegum innflutningi til landsins.

Fyrirtækið hefur tileinkað sér nýjungar í flutningatækni, sem koma víða fram í rekstri þess, og hefur haslað sér völl á erlendum vettvangi. Þar ber hæst rekstur fjögurra eigin skrifstofa erlendis sem hafa reynst fyrirtækinu og viðskiptavinum þess mikils virði auk víðtæks umboðs-mannakerfis. Skrifstofurnar annast m.a. flutninga til og frá Íslandi, sjá um flutninga milli hafna ytra, sinna flutningsmiðlun og samræmingu á land-flutningum erlendis.

SKIPASTÓLL OG ÁÆTLUNARSIGLINGAR

Árið 1988 festi EIMSKIP kaup á tveimur ekjuskipum, BRÚARFOSSI og LAXFOSSI. Þau eru stærstu skip í eigu Íslendinga, með tíu til tólf þúsund tonna burðargetu. Eimskip og dótturfélög þess reka nú 14 skip í föstum verkefnum: ekjuskip, gámaskip og stórflutningaskip. Með ekju – og gámaskipum annast félagið áætlunarsiglingar en stórflutningaskip sinna heilfarnflutningum. Prettán skipanna eru í flutningum til og frá landinu en eitt þeirra er starfrækt á erlendum markaði.

EIMSKIP annast áætlunarflutninga um allan heim og heldur uppi reglubundnum áætlunarsiglingum til 27 hafna í 14 löndum. Siglt er vikulega til meginlands Evrópu, Bretlands og Norðurlanda og hálfmánaðarlega til Bandaríkjanna auk þess sem siglt er til Eystrasaltshafna, Sovétríkjanna og Kanada. Þjónusta við strendur Íslands er einnig veigamikill þáttur í starfsemi fyrirtækisins og er siglt vikulega til nokkurra helstu hafna hérlendis.



Jafnframt hefur EIMSKIP tekið þátt alþjóðlegri samkeppni en þar má nefna flutninga milli hafna í Evrópu og flutninga milli Evrópu og Ameríku.

FLUTNINGAMIÐSTÖÐ Í SUNDAHÖFN

Flutningamiðstöð EIMSKIPS í Sundahöfn er þungamiðja í flutningakerfi félagsins og þjónustumiðstöð fyrir viðskiptavinum þess. Þar mætast vörustraumar innflutnings, útflutnings og strandflutnings, en alls fóru 646.000 tonn og 102.000 gámaeiningar, um höfnina árið 1989. Í Sundahöfn eru 33.000 fermetra vörugeymslur fyrir inn- og útflutningsvörur, þar með taldar sérhæfðar geymslur fyrir ýmsar vörutegundir.

Í Sundahöfn er útflutningsmiðstöð þar sem vörunni er safnað í viðeigandi geymslu áður en hún fer í gám og er síðan flutt rakleiðis til móttakanda á áfangastað erlendis.

Starfsemi félagsins í Sundahöfn má skipta í þrjá meginþætti: Þjónusta við viðskiptavinum, svo sem geymslu á vöru, gámatæmingu og heimakstur; þjónusta við skip félagsins varðandi lestun og losun; og rekstur á gámum og gámaflota félagsins. Gámaflotinn hefur vaxið mikið á undanförunum árum, samhliða því að allir flutningar með áætlunarskipum hafa verið gámaavæddir. EIMSKIP hefur nú um 8000 gámaeiningar í rekstri, þar af 1300 frystigámaeiningar.

VAXANDI FLUTNINGAÞJÓNUSTA INNANLANDS

Flutningar á vörum innanlands er sá starfsþáttur sem vaxið hefur hvað mest á undanförunum árum. EIMSKIP hefur tvö skip í þessum rekstri, gámaskip sem annast vikubundnar siglingar til Vestfjarða og Norðurlands, og frystiskip sem safnar frystivöru víðs vegar að af landinu. Auk þess rekur fyrirtækið 30 vöruflutningabíla sem sinna landflutningum.

SÉRHÆFÐIR STARFSMENN – TÖLVUVÆTT UPPLÝSINGAKERFI

Hjá fyrirtækinu störfuðu í árslok 1989 um 700 manns, þar af 240 á skipum félagsins, tæplega 250 á hafnarsvæðum, 130 á skrifstofum hérlandis. Verkefni hjá starfsmönnum fyrirtækisins hafa breyst mjög á undanförunum árum samfara aukinni tæknivæðingu og tölvuvæðingu. Ætla má að í Sundahöfn vinni þriðji hver starfsmaður að stjórnun og upplýsingavinnslu, þriðjungur við tækjastjórn og þriðjungur annist hefðbundin verkamannastörf.

Tölvuvætt upplýsingakerfi félagsins nær til allra þátta í starfsemi þess. Upplýsingakerfið er ómissandi hlekkur sem heldur saman flutningakeðjunni og veitir nákvæmar upplýsingar um vöruferlið. Megintölvan á aðalskrifstofu félagsins tengist á annað hundrað jaðartækjum en einnig tölvum á skrifstofum EIMSKIPS erlendis. Þessi samtenging tryggir viðskiptavinum og starfsmönnum aðgang að upplýsingum um stöðu og staðsetningu á vörum sem verið er að flytja til og frá landinu. Segja má að upplýsingakerfið spegli þær tækniframfarir sem orðið hafa á þjónustustarfsemi EIMSKIPS fram á þennan dag.

STJÓRN EIMSKIPS OG SKIPULAG

Fyrirtækinu er skipt í þrjú svið. Flutningasviði stjórnar Þórður Sverrisson, fjármálasviði Þórður Magnússon og þróunarsviði er undir stjórn Þorkels Sigurlaugssonar.

Yfirstjórn EIMSKIPS er í höndum tíu manna stjórnar sem kjörin er af hluthöfum á aðalfundi. Formaður hennar er Halldór H. Jónsson en forstjóri félagsins er Hörður Sigurðsson.



EIMSKIP